

Stjórn Gígjunnar, símafundur fimmtudaginn 1. september 2016 kl. 20:00-21:00

Mættar; Dagbjört Lára Ottósdóttir formaður, Þórhildur Kristjánsdóttir varaformaður, Bryndís Bjarnarson meðstjórnandi, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Una Þórey Sigurðardóttir ritari.

Fundarefni:

1. Aðalfundur Gígjunnar 2016

Ákveðið að halda aðalfund Gígjunnar laugardaginn 1. október kl 15:30. Staðsetning; söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116 Reykjavík. Á undan aðalfundi er boðað til formannafundar þar sem rædd verða málefni Gígjunnar auk stuttrar kynningar á störfum kóranna (sjá; 2. gr. Í lögum Gígjunnar). Dagbjört formaður sendir fundarboð í tölvupósti á formenn aðildarkóra Gígjunnar auk tilkynningar á F.B. Dagbjört sendi einnig póst á Kvennakór Ísafjarðar með fyrirspurn um kynningu á landsmóti 2017. Það er mjög æskilegt að þær geti komið á aðalfundinn og sagt frá undirbúningi mótsins.

Annað tengt aðalfundi: Fá umræðu um fjarmögnun tónverkasjóðs og ræða um að hafa formannafund sem fastan lið í tengslum við aðalfund.

Á formannafundi; fá skoðun fundargesta á að lengja tímann milli landsmóta.

2. Félagsgjöld Gígjunnar.

Gjaldddagi félagsgjalda var um áramót en félagsgjöld aðildakóra hafa skilað sér illa. Ákveðið að senda ítrekun og síðar rúkkun auk þess að minna á 4.gr laga Gígjunnar

3. Breytingar í stjórn Gígjunnar.

Það eru töluverðar hræringar í stjórn. Þórhildur ætlar að hætta, Dagbjört formaður vill gjarnan fá undanþágu frá lögum félagsins og hætta sem formaður en er til í að sitja áfram í stjórn (samkvæmt lögum ætti hún að vera ár í viðbót). Guðlaug verður áfram í stjórn en vill hætta sem gjaldkeri og þá vantar gjaldkera. Anna Breiðfjörð er hætt, Una Þórey kemur inn í staðinn. Anna Lilja Ottósdóttir varamaður hættir allveg. Kolbrún ætlar að halda áfram sem varamaður og gefur kost á sér í stjórn ef þarf. Dagbjört formaður er búin að senda póst á aðildarkóra og óska eftir framboðum í stjórn og varastjórn.

4. Heiðursviðurkenningar

Stjórn Gígjunnar hættir að veita heiðursviðurkenningar eins og verið hefur. Í þess stað er hver og einn kór hvattur til að heiðra eða hylla kórkonu innan sinna raða. Það eru frábærar konur í öllum kórum.

Fleira ekki rætt á fundinum en ákveðið að vera í samskiptum á F.B.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir

